

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


DAGSETNING
Reykjavík 17. nóvember 2001

TILVÍSUN
2001100521

Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt o.fl. 114. mál.

Með bréfi dagsettu 16. október 2001 barst ríkisskattstjóra frá Efnahags- og viðskiptanefnd til umsagnar frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt o.fl. 114. mál. Með rafbréfi dagsettu 23. 10. 2001 sendi nefndin ríkisskattstjóra 8 spurningar, sem nefndarmaður hafði óskaði eftir að svarað yrði með umsögninni. Með umsögn ríkisskattstjóra um frumvarpið, sem send var nefndinni með bréfi dags. 6. nóvember 2001, fylgdi svar við fjórum af þeim átta spurningum, sem óskað var eftir svörum við en þá hafði ekki unnist tími til að svara þeim öllum. Á skjali sem bréfi þessu fylgir fara svör við tveimur af þeim spurningum, sem út af stóðu, en frekari tíma þarf til að ljúka við svör við síðustu tveimur spurningunum.

Virðingarfyllst


Indriði H Þorláksson



t&esvör2.doc



efnahags- og viðskiptanefnd 17110

Ríkisskattstjóri
Nóvember 2001

**Svör við spurningum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
vegna máls 114, tekjuskattur og eignarskattur o.fl., framhald**

Með rafbréfi dagsettu 23. 10. 2001 sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ríkisskattstjóra spurningar, sem óskaði hafði verið eftir að svarað yrði með umsögn embættisins um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt o.fl., 114. mál. Með umsögn ríkisskattstjóra um frumvarpið, sem send var nefndinni með bréfi dags. 6. nóvember 2001, fylgdi svar við fjórum af þeim átta spurningum, sem óskað var eftir svörum við en þá hafði ekki unnist tími til að svara þeim öllum. Hér á eftir fara svör við tveimur af þeim spurningum, sem út af stóðu, en frekari tíma þarf til að ljúka við svör við síðustu spurningunum.

Sp. 3.

Hvað var reiknað endurgjald einstaklinga með sjálfstæðan rekstur og hreinar tekjur þeirra af atvinnurekstri háar fjárhæðir við síðustu álagningu og hvaða áhrif hefði það á tekjur til ríkisins annars vegar og útsvar til sveitarfélaga hins vegar ef hluti þessara tekna breytast í rekstrarhagnað og arð af félögum. Miðað verði við það að tilfærslan verði:

- a) 10%
- b) 25%
- c) 50%

Niðurstöðurnar óskast sundurliðaðar eftir kjördæmun.

Með spurningunni er leitað eftir svörum við áhrifum af því að einstaklingar með sjálfstæðan rekstur breyti formi rekstrar síns í hlutafélag og óskað eftir talnalegum upplýsingum varðandi það að tilteknir hundradshlutar af reiknuðu endurgjaldi og rekstrarhagnaði flytjist yfir í hagnað hlutafélags og að hagnaður þeirra eftir skatt sé greiddur eigandanum í formi arðs.

Skattaleg áhrif af slíkum formbreytingum á rekstri eru því aðeins reiknanleg að til viðbótar við það sem í spurningunni kemur fram séu gefnar forsendur um launagreiðslur hlutafélaganna, þ.e. hvort þær samsvari áður reiknuðu endurgjaldi eða ekki. Í útreikningunum er miðað við hvort tveggja og þannig fundið lágmark og hámark skattaáhrifanna. Ennfremur skiptir máli hvort skattskyldar tekjur viðkomandi einstaklinga fyrir formbreytinguna voru yfir skattleysismörkunum eða ekki. Í svörunum er miðað við að millifærðar tekjur séu ofan skattleysismarkanna þar sem annars er ekki til staðar skattalegur tilgangur með tilfærslunni.

Við tekjutilfærslu eins og þá sem um er spurt lækkar útsvar alltaf um það sem nemur útsvari af rekstrahagnaði einstaklingsrekstrarins þar sem hann telst til útsvarsstofns en hagnaður hlutafélagsins ekki. Ennfremur lækkar útsvarið um sem nemur því reiknaða endurgjaldi sem ekki kemur fram sem laun hjá hlutafélaginu.

Tekjuskattur til ríkisins lækkar sem nemur tekjuskatti einstaklinga af rekstrarhagnaði einstaklingsrekstrarins og reiknaða endurgjaldinu að því leyti sem það kemur ekki fram sem laun hjá hlutafélaginu. Á mótí kemur hækkun á skatti á hlutafélög

af sömu fjárhæðum og fjármagnstekjuskattur á afganginum, sem gert er ráð fyrir að borgaður sé út sem arður.

Samkvæmt framtali og álagningu 2001 voru tekjur og skattar af sjálfstæðri atvinnustarfsemi sem segir í eftirfarandi töflu. Áætlað útsvar er í heild nákvæmt en lítilsháttar ónákvæmni gæti verið í einstaka skattumdæmi þar sem miðað var við meðalútsvar á landinu öllu. Áætlun um tekjuskatta (almennan tekjuskatt og sérstakan tekjuskatt) er háð meiri óvissu en á þó að vera nærri lagi.

Tekjur og skattar af sjálfstæðri starfsemi tekjuárið 2000 (m.kr)

	Reiknað	Hreinar	Samtals	Áætlað	Áætlaðir	Skattar
Skattumdæmi:	endurgjald	rekstrart.	tekjur	útsvar	tekjuskattar	samtals
Reykjavík	6.401	3.975	10.376	1.241	1.365	2.606
Reykjanes	4.707	3.177	7.884	943	1.019	1.962
Vesturland	938	524	1.462	175	148	322
Vestfirðir	557	367	924	111	95	206
Norðurl. vestra	713	311	1.024	122	91	214
Norðurl. eystra	1.526	767	2.293	274	222	496
Austurland	858	290	1.148	137	110	247
Suðurland	1.389	637	2.026	242	191	433
Vestmannaeyjar	209	67	276	33	29	62
Samtals	17.298	10.115	27.413	3.279	3.269	6.548

Í töflunun sem hér fara á eftir er þess freistað að áætla áhrif þess að færa rekstur sjálfstætt starfandi í hlutafélög. Er þá miðað við þau hlutföll af tekjum, sem óskað var eftir í fyrirsögninni og miðað af núverandi skattareglur fyrir lögaðila og þær reglur, sem fram koma í frumvarpinu. Í hverju tilviki eru áætluð áhrif þess a) að reiknað endurgjald komi að fullu fram sem greidd laun hjá hlutafélaginu og b) að reiknaða endurgjaldið komi alls ekki fram sem laun.

Í næstu töflu eru sýndar áætlaðar breytingar á útsvari til sveitarfélaga. Þau áhrif ráðast eingöngu af hve tilfærslan er mikil en eru ekki háð fyrirhuguðum breytingum á sköttum lögaðila.

Útsvar sveitarfélaga, áætlaðar breytingar við tilfærslu úr einstaklingsrekstri í hlutafélag

- a) reiknað endurgjald kemur fram sem launagreiðslur hlutafélaga
 b) reiknað endurgjald kemur ekki fram sem launagreiðslur hlutafélaga

Tilfærsla:	10%	10%	25%	25%	50%	50%
Skattumdæmi:	a)	b)	a)	b)	a)	b)
Reykjavík	-48	-124	-119	-310	-238	-620
Reykjanes	-38	-94	-95	-236	-190	-471
Vesturland	-6	-17	-16	-44	-31	-87
Vestfirðir	-4	-11	-11	-28	-22	-55
Norðurl. vestra	-4	-12	-9	-31	-19	-61
Norðurl. eystra	-9	-27	-23	-69	-46	-137
Austurland	-3	-14	-9	-34	-17	-69
Suðurland	-8	-24	-19	-61	-38	-121
Vestmannaeyjar	-1	-3	-2	-8	-4	-17
Samtals	-121	-328	-302	-820	-605	-1.639

Eins og sjá má eru áhrif af tilfærslunni mjög háð því hvernig reiknað endurgjald skilar sér í greiddum launum og má líta á tölur í dálkum a) sem lágmark en tölur í dálkum

b) sem hámark miðað við þá tilfærslu sem miðað er við hverju sinni. Má ætla að líkleg niðurstaða myndi liggja þar á milli og að tekjulækkun sveitarfélaga við tilfærslu af þessum toga yrðu frá 200 m.kr til um 1.000 m.kr. eftir umfangi tilfærslunnar.

Í eftirfarandi töflu eru áætluð áhrif á tekjuskatta ríkissjóðs miðað við óbreyttar skattlagningarreglur.

Tekjuskattar ríkissjóðs, áætlaðar breytingar við tilfærsla úr einstaklingsrekstri í hlutafélag - óbreyttar skattareglur, m.kr. -

a) reiknað endurgjald kemur fram sem launagreiðslur hlutafélaga

b) reiknað endurgjald kemur ekki fram sem launagreiðslur hlutafélaga

Tilfærsla:	10%	10%	25%	25%	50%	50%
Skattumdæmi:	a)	b)	a)	b)	a)	b)
Reykjavík	42	110	105	275	210	549
Reykjanes	34	83	84	209	168	417
Vesturland	6	15	14	39	28	77
Vestfirðir	4	10	10	24	19	49
Norðurl. vestra	3	11	8	27	16	54
Norðurl. eystra	8	24	20	61	41	121
Austurland	3	12	8	30	15	61
Suðurland	7	21	17	54	34	107
Vestmannaeyjar	1	3	2	7	4	15
Samtals	107	290	268	726	536	1.451

Samkvæmt þessari áætlun hækka tekjur ríkissjóðs af tilfærslu við þessar aðstæður um fjárhæðir sem eru lítið eitt lægri en tekjutap sveitarfélaganna. Stafar hækkun tekna ríkissjóðs af því að almennur tekjuskattur á einstaklinga lækkar sem svarar tekjuskattshlutfallinu (26,41%) en á móti kemur 30% skattur á hagnað lögaðilans og síðan 10% fjármagnstekjuskattur á arðinn.

Sé áætlun þessi endurreiknuð miðað við þær skattareglur, sem í frumvarpinu eru, verður niðurstaðan sem greinir í eftirfarandi töflu. Eins og hún ber með sér leiðir sú breyting til þess að sú hækkun á sköttum til ríkisins sem er í núverandi kerfi hverfur og fram kemur óverulegt tekjutap.

Tekjuskattar ríkissjóðs, áætlaðar breytingar við tilfærsla úr einstaklingsrekstri í hlutafélag - skattareglur sky. frumvarpi -

a) reiknað endurgjald kemur fram sem launagreiðslur hlutafélaga

b) reiknað endurgjald kemur ekki fram sem launagreiðslur hlutafélaga

Tilfærsla:	10%	10%	25%	25%	50%	50%
Skattumdæmi:	a)	b)	a)	b)	a)	b)
Reykjavík	-2	-2	-4	-5	-8	-11
Reykjanes	-1	-2	-3	-4	-7	-8
Vesturland	0	0	-1	-1	-1	-2
Vestfirðir	0	0	0	0	-1	-1
Norðurl. vestra	0	0	0	-1	-1	-1
Norðurl. eystra	0	0	-1	-1	-2	-2
Austurland	0	0	0	-1	-1	-1
Suðurland	0	0	-1	-1	-1	-2
Vestmannaeyjar	0	0	0	0	0	0
Samtals	-4	-6	-10	-14	-21	-29

Í tveimur næstu töflum eru lögð saman áhrif af tilfærslunni á tekjuskatta ríkissjóðs og sveitarfélaga annars vegar samkvæmt núgildandi reglum og hins vegar samkvæmt þeim reglum sem er að finna í frumvarpinu.

Tekjuskattar og útsvar, áætlaðar breytingar við tilfærsla úr einstaklingsrekstir í hlutafélag
- skattareglur 2000, m.kr. -

- a) reiknað endurgjald kemur fram sem launagreiðslur hlutafélaga
b) reiknað endurgjald kemur ekki fram sem launagreiðslur hlutafélaga

Tilfærsla:	10%	10%	25%	25%	50%	50%
Skattumdæmi:	a)	b)	a)	b)	a)	b)
Reykjavík	-6	-14	-14	-35	-28	-71
Reykjanes	-4	-11	-11	-27	-22	-54
Vesturland	0	-2	-2	-5	-3	-10
Vestfirðir	0	-1	-1	-4	-3	-6
Norðurl. vestra	-1	-1	-1	-4	-3	-7
Norðurl. eystra	-1	-3	-3	-8	-5	-16
Austurland	0	-2	-1	-4	-2	-8
Suðurland	-1	-3	-2	-7	-4	-14
Vestmannaeyjar	0	0	0	-1	0	-2
Samtals	-14	-38	-34	-94	-69	-188

Tekjuskattar og útsvar, áætlaðar breytingar við tilfærsla úr einstaklingsrekstir í hlúafélag
- skattareglur skv. frumvarpi, m.kr. -

- a) reiknað endurgjald kemur fram sem launagreiðslur hlutafélaga
b) reiknað endurgjald kemur ekki fram sem launagreiðslur hlutafélaga

Tilfærsla:	10%	10%	25%	25%	50%	50%
Skattumdæmi:	a)	b)	a)	b)	a)	b)
Reykjavík	-50	-126	-123	-315	-246	-631
Reykjanes	-39	-96	-98	-240	-197	-479
Vesturland	-6	-17	-17	-45	-32	-89
Vestfirðir	-4	-11	-11	-28	-23	-56
Norðurl. vestra	-4	-12	-9	-32	-20	-62
Norðurl. eystra	-9	-27	-24	-70	-48	-139
Austurland	-3	-14	-9	-35	-18	-70
Suðurland	-8	-24	-20	-62	-39	-123
Vestmannaeyjar	-1	-3	-2	-8	-4	-17
Samtals	-125	-334	-312	-834	-626	-1.668

Eins og þessar töflur bera með sér eru heildaráhrif af tilfærslunni í núverandi kerfi ekki veruleg eða t.d. um 65 m.kr. eða um 1% skatta af tekjum af sjálfstæðri starfsemi miðað við að fjórðungur teknanna færist á milli. Veruleg lækkun útsvarsteknanna, um 17%, miðað við sömu tilfærslu er unnin upp af um 15% hækkun tekjuskatta ríkissjóðs.

Miðað við skattareglur frumvarpsins breytast heildaráhrifin verulega. Lækkun tekjuskatta og útsvars verður um 570 m.kr. þegar miðað er við 25% tilfærslu eða um 8% skattteknanna, sem er að langmestu leyti lækkun á útsvari til sveitarfélaga.

Framangreindar tölur eru mat á áhrifum af tilteknum tilfærslum, 10%, 25% og 50%, sem gefnar voru í fyrirspurninni en eru ekki mat ríkisskattstjóra á líklegum áhrifum. Þau munu, á hverjum tíma, fara mjög eftir því hvað skattalegur hvati er mikill. Áhrifin ráðast m.a. af því hvað stór hluti tekna þeirra sem sjálfstæða starfsemi stunda er ofan skattleysismarkanna. Það má gera ráð fyrir að hinn skattalegi hvati nái einungis til þeirra sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum og þeir muni miða eigin launagreiðslur við að

nýta persónuafláttinn að fullu en reyni að fá til sín aðrar tekjur af starfseminni með sem lægstum skatti, þ.e. sem hagnað félags og arð frá því.

Til þess að kanna hvað áhrif af flutningi rekstrahagnað í félagsform gætu mest orðið var reiknað út hver rekstrahagnaður umfram skattleysismörk er hjá sem telja slíkar tekjur fram og metin tekjuáhrifin af því að þær tekjur færðust í hlutafélag með þeim hætti að reiknað endurgjald væri greitt sem laun en rekstrarhagnaðurinn að frádregnum skatti félagsins væri greiddur sem arður. Meðfylgjandi tafla 3 sýnir þær niðurstöður, sem dregnar eru saman í eftirfarandi yfirliti.

Skattar einstaklinga með rekstur

	Áætlaðir skattar 2001	Möguleg breyting nú	Möguleg breyting skv. frumvarpi
Sveitarfélög, útsvar	8.879	- 1.054	- 1.053
Ríkioð	10.217	765	- 483
þar af :			
- almennur tekjuskattur	9.299	-2.330	- 2.538
- sérstakur tekjuskattur	381	-170	- 255
- fjármagnstekjuskattur	537	618	723
- tekjuskattar félaga		2.647	1.587
Ríki og sveitarfélög	19.096	- 289	- 1.563

Þessi útreikningar benda til þess að miðað við núgildandi reglur og landið í heild gæti þessi tilfærsla lækkað tekjur sveitarfélaga um rúmlega 1.000 m.kr. hvað sem breytingu á skattalögum liður. Tekjuskattar til ríkisins gætu hækkað um nálægt 750 m.kr. miðað við óbreyttar reglur en gætu lækkað um tæpar 500 m.kr. miðað við reglur frumvarpsins. Heildaráhrifin nú gætu orði tæplega 300 m.kr. lækkun en eftir breytingu á skattareglunum rúmlega 1.500 m.kr. lækkun.

Sp. 5.

Hver eru rökin fyrir því að leggja sérstaka tekjuskattinn einungis á launatekjur, lífeyri o.s.frv. en ekki á fjármagnstekjur?

- Hversu stór hluti heildartekna eru skattlagðar sem fjármagnstekjur. Óskað er svara eftir tekjubílum, t.d. þannig að 5-10% framteljenda séu í hverju bili.*
- Hvaða tekjur fengjust með því að leggja sérstakan tekjuskatt á fjármagnstekjur með þeim hætti að tekjumörk sérstaka tekjuskattsins væru miðuð við heildartekjur, þ.e. fjármagnstekjur og aðrar tekjur.*

Sérstakur tekjuskattur var fyrst lagður á tekjur ársins 1993 og náði þá til allra tekna, sem þá voru skattskyldar. Skattstofn sérstaka tekjuskattsins var þá breiðari en nú þar sem hann tók þá til fjármagnstekna annarra en vaxta, sem voru skattfrjálsir. Við upptöku sérstaks fjármagnstekjuskatts 1997 var ákveðið að undanþiggja þær tekjur öllum öðrum sköttum og er því hvorki lagður á þær sérstakur tekjuskattur eða útsvar eins og áður var. Var sú ákvörðun af stjórnmálalegum toga en byggðist ekki á skattalegum eða framkvæmdalegum forsendum.

Til svars við staflidum a) og b) í spurningunni fylgja svari þessu töflur er sýna umbeðnar upplýsingar. Töflur 5.a) bera með sér að fjármagnstekjur eru að jafnaði um

8,6% heildartekna hjá hjónum og um 5,1% hjá einhleypum. Hjá stærstum hluta hjóna eru þessar tekjur um og innan við 5% að jafnaði. Á það við um hjón með allt að 8 m.kr. árstekjur en það eru um 90% allra hjóna. Er sá hópur með um 1/3 hluta fjármagnsteknanna. Hjá efstu 10 hundradshlutum hjóna, sem hafa um 2/3 hluta fjármagnsteknanna vega þær þyngra og eru næstum fjórðungur heildartekna þeirra og reyndar langt í helmingur heildartekna hjá efstu 2% gjaldenda. Dreifing fjármagnstekna hjá einhleypum sýnir hliðstæða niðurstöðu.

Í töflum 5.b) hefur sérstakur tekjuskattur verið endurreiknaður miðað við að skattstofn hans væri samtala af almenna skattstofninum og stofni til fjármagnstekjuskatts. Samkvæmt þeim útreikningum myndi sérstakur tekjuskattur hjóna hækka um tæpar 1.000 m.kr. en sérstakur tekjuskattur einhleypinga um nálægt 250 m.kr. Sérstaki tekjuskatturinn myndi þannig í heild hækka úr 1.447 m.kr. í 2.680 m.kr. eða um 1.233 m.kr. Eins og sjá má af töflum 2.e.1 og 2.e.2, sem sendar voru sem svar við spurningu 2, liggja mörk sérstaka tekjuskattsins þannig að einungis um 10% hjóna og einhleypinga greiða sérstaka tekjuskattinn og myndu skattgreiðslur þeirra því hækka um þessa fjárhæð. Skattbyrði þeirra yrði þannig áþekk skattbyrði þeirra sem eru í 7. til 9. tíund tekjuskalans, sbr. síðasta talnadálk taflna 5.b.

Skattaieg áhrif breytingar á rekstrarformi einstaklinga með rekstur

(í milljónum króna)	Reykja- vík	Reykja- nes	Vesturland	Vestfir- ir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suburland	Vestmanna- hlíð- eyjar	Landið allt
Tekjuskattur og útsvar miðað við álagningu skatta 2001										
Tekjuskattur til ríkis, samtals	4.545	3.123	376	263	223	795	380	416	96	10.217
Almennur tekjuskattur	7.697	5.265	754	524	513	1.534	773	935	163	18.179
þar af útsvar til sveitarfélaga	3.566	2.420	410	279	312	804	431	560	94	8.879
Þar af tekjuskattur til ríkis	4.129	2.845	344	245	201	730	342	375	69	9.299
Sérstakur tekjuskattur	182	130	14	8	5	21	8	10	2	381
Fjármagnstekjuskattur	233	149	19	10	17	44	31	31	4	537
Miðað við að hreinn hagnaður yfir skattleysismörkum sé fluttur yfir í einkahlutafélag og tekinn út sem arður										
Tekjuskattur til ríkis, samtals	4.946	3.345	415	288	250	858	407	473	99	10.982
Almennur tekjuskattur	6.321	4.231	590	420	410	1.279	671	707	166	14.795
þar af útsvar til sveitarfélaga	3.136	2.100	359	246	280	725	399	489	88	7.826
Þar af tekjuskattur til ríkis	3.182	2.131	232	173	130	554	271	218	77	6.970
Sérstakur tekjuskattur	104	65	7	4	4	14	7	5	1	211
Fjármagnstekjuskattur	484	338	46	29	36	91	50	72	7	1.154
Skattur á hagnað einkahlutafélags	1.076	811	128	81	81	200	60	178	13	2.647
Miðað við að hreinn hagnaður yfir skattleysismörkum sé fluttur yfir í einkahlutafélag og breyttar forsendur um álagningu										
Tekjuskattur til ríkis, samtals	4.532	2.969	357	250	213	761	366	394	92	9.734
Almennur tekjuskattur	6.236	4.174	581	413	403	1.260	661	695	164	14.588
þar af útsvar til sveitarfélaga	3.136	2.100	359	246	280	725	400	490	88	7.826
Þar af tekjuskattur til ríkis	3.098	2.074	223	167	123	535	261	206	76	6.762
Sérstakur tekjuskattur	61	39	4	3	3	8	4	3	1	126
Fjármagnstekjuskattur	527	370	54	32	39	98	53	79	8	1.259
Skattur á hagnað einkahlutafélags	645	486	77	49	48	120	48	107	8	1.587

Breytingar á sköttum:

Miðað við álagningarforsendur 2001 og tilfærslu yfir í einkahlutafélög										
Tekjuskattur til ríkis, samtals	501	222	39	25	27	63	27	57	4	765
Almennur tekjuskattur	-1.377	-1.034	-164	-104	-103	-255	-102	-228	-17	-3.384
þar af útsvar til sveitarfélaga	-430	-321	-51	-33	-32	-79	-32	-71	-6	-1.054
Þar af tekjuskattur til ríkis	-947	-714	-113	-72	-71	-176	-70	-157	-12	-2.330
Sérstakur tekjuskattur	-78	-64	-7	-4	-1	-8	-1	-6	0	-170
Fjármagnstekjuskattur	251	189	30	19	19	47	19	42	3	618
Skattur á hagnað einkahlutafélags	1.076	811	128	81	81	200	60	178	13	2.647
Miðað við breyttar álagningarforsendur og tilfærslu yfir í einkahlutafélög										
Tekjuskattur til ríkis, samtals	-213	-154	-19	-12	-10	-34	-15	-21	-3	-483
Almennur tekjuskattur	-1.461	-1.091	-173	-110	-110	-274	-112	-240	-19	-3.691
þar af útsvar til sveitarfélaga	-430	-320	-51	-33	-32	-79	-32	-71	-6	-1.053
Þar af tekjuskattur til ríkis	-1.031	-771	-122	-78	-78	-195	-60	-169	-14	-2.538
Sérstakur tekjuskattur	-121	-91	-9	-5	-3	-13	-4	-8	-1	-255
Fjármagnstekjuskattur	294	222	35	22	22	54	22	49	4	723
Skattur á hagnað einkahlutafélags	645	486	77	49	48	120	48	107	8	1.587

Tekjur einhleypa framteljenda

Alagning 2001 í milljónum króna				Tekjur				Skipting tekna			
Hlutfal framteljenda á tekjubili %	Fjöldi einstaklinga á tekjubili	Tekjubil	Meðaltekjur á tekjubili	Tekjur alls	Stofn almenns tekjuskatts	Fjármagns- tekjuskattsstofn	Ívilnanir /skattfrjálsar greiðslur*	Tekjur alls	Stofn almenns tekjuskatts	Fjármagns- tekjuskattsstofn	Ívilnanir /skattfrjálsar greiðslur*
0-5	4.828	0-0,3	0,151	731	686	22	20	100,0%	93,8%	2,9%	2,7%
5-10	4.827	0,3-0,4	0,360	1.738	1.606	43	41	100,0%	92,4%	2,5%	2,4%
10-20	9.655	0,4-0,7	0,595	5.748	5.285	119	167	100,0%	91,9%	2,1%	2,9%
20-30	9.655	0,7-0,9	0,839	8.104	7.564	129	207	100,0%	93,3%	1,6%	2,6%
30-40	9.655	0,9-1,1	1,047	10.110	9.433	223	253	100,0%	93,3%	2,2%	2,5%
40-50	9.654	1,1-1,3	1,238	11.948	11.095	327	289	100,0%	92,9%	2,7%	2,4%
50-60	9.655	1,3-1,6	1,469	14.180	12.838	505	475	100,0%	90,5%	3,6%	3,4%
60-70	9.655	1,6-2	1,774	17.131	15.116	577	923	100,0%	88,2%	3,4%	5,4%
70-80	9.655	2-2,4	2,180	21.051	18.985	650	724	100,0%	90,2%	3,1%	3,4%
80-90	9.655	2,4-3,2	2,774	26.779	24.216	844	731	100,0%	90,4%	3,2%	2,7%
90-95	4.827	3,2-4	3,568	17.222	15.501	676	433	100,0%	90,0%	3,9%	2,5%
95-98	2.897	4-5,2	4,531	13.126	11.588	718	382	100,0%	88,3%	5,5%	2,9%
98-100	1.930	5,2+	7,988	15.417	10.490	3.541	1.010	100,0%	68,0%	23,0%	6,5%
Einhleypir samtals	96.548		1,691	163.287	144.402	8.375	5.656	100,0%	88,4%	5,1%	3,5%

*Skattfrjálsar greiðslur eru greiðslur frá alþjóðastofnunum, ýmsar skattfrjálsar greiðslur Tryggingastofnunar og aðrar skattfrjálsar greiðslur s.s. óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga, dreifbýlisstyrkur og aðrar skattfrjálsar greiðslur. Ívilnanir eru skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa og ívilnun vegna 66. greinar laga 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Tekjur samskattaðra framteljenda

Álagning 2001 í milljónum króna				Tekjur				Skipting tekna			
Hlutfal framteljenda á tekjubili %	Fjöldi fjölskyldna á tekjubili	Tekjubil	Meðatekjur fjölskyldu	Tekjur alls	Stofn almenns tekjuskatts	Fjármagns- tekjuskattsstofn	Ívilnanir /skattfrjálsar greiðslur*	Tekjur alls	Stofn almenns tekjuskatts	Fjármagns- tekjuskattsst ofn	Ívilnanir /skattfrjálsar greiðslur*
0-5	2.887	0-1,7	1,348	3.891	3.570	159	81	100,0%	91,8%	4,1%	2,1%
5-10	2.886	1,7-2,1	1,892	5.462	4.985	269	123	100,0%	91,3%	4,9%	2,2%
10-20	5.773	2,1-2,7	2,378	13.728	12.387	726	314	100,0%	90,2%	5,3%	2,3%
20-30	5.773	2,7-3,3	3,003	17.335	15.713	706	380	100,0%	90,6%	4,1%	2,2%
30-40	5.773	3,3-3,8	3,566	20.586	18.732	648	470	100,0%	91,0%	3,1%	2,3%
40-50	5.772	3,8-4,3	4,083	23.568	21.519	737	442	100,0%	91,3%	3,1%	1,9%
50-60	5.773	4,3-4,9	4,615	26.642	24.376	769	461	100,0%	91,5%	2,9%	1,7%
60-70	5.773	4,9-5,6	5,215	30.105	27.489	954	474	100,0%	91,3%	3,2%	1,6%
70-80	5.773	5,6-6,4	5,954	34.375	31.113	1.281	601	100,0%	90,5%	3,7%	1,7%
80-90	5.773	6,4-8	7,107	41.026	36.443	2.114	784	100,0%	88,8%	5,2%	1,9%
90-95	2.886	8-9,9	8,799	25.395	21.535	2.211	638	100,0%	84,8%	8,7%	2,5%
95-98	1.732	9,9-13	11,138	19.291	15.247	2.800	517	100,0%	79,0%	14,5%	2,7%
98-100	1.154	13+	21,027	24.265	12.011	11.074	697	100,0%	49,5%	45,6%	2,9%
Samskattaðir samtsals	57.728		4,949	285.668	245.120	24.450	5.983	100,0%	85,8%	8,6%	2,1%

*Skattfrjálsar greiðslur eru greiðslur frá alþjóðastofnunum, ýmsar skattfrjálsar greiðslur Tryggingastofnunar og aðrar skattfrjálsar greiðslur s.s. óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga, dreifbýlisstyrkur og aðrar skattfrjálsar greiðslur. Ívilnanir eru skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa og ívilnun vegna 66. greinar laga 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Tekjur og tekjuskattar einhleypna framteljenda

Breyttur stofn sérstaks tekjuskatts*

Alagning 2001 í milljónum króna				Tekjur				Tekjuskattar					Bætur		Skattar-bætur	
Hlutfal framteljenda á tekjubili %	Fjöldi einstaklinga á tekjubili	Tekjubili	Meðaltekjur á tekjubili	Tekjur alls	Stofn almenns tekjuskatts	Fjármagns- tekjuskattsstofn	Ívilnanir /skattfrjálsar greiðslur**	Almennur tekjuskattur	Útsvar	Sérstakur tekjuskattur	Fjármagns- tekjuskattur	Tekjuskattar samtals	Barnabætur	Vaxtabætur	Skattar að frádrögnum bótum	Skatthlutfall bótum
0-5	4.828	0-0,3	0,151	731	686	22	20	-80	80	0	0	1	28	12	-40	-5,5%
5-10	4.827	0,3-0,4	0,360	1.738	1.606	43	41	-191	191	0	0	0	38	18	-56	-3,2%
10-20	9.655	0,4-0,7	0,595	5.748	5.285	119	167	-629	630	0	0	2	137	60	-195	-3,4%
20-30	9.655	0,7-0,9	0,839	8.104	7.564	129	207	-727	903	0	6	182	188	106	-112	-1,4%
30-40	9.655	0,9-1,1	1,047	10.110	9.433	223	253	-311	1.123	0	19	831	231	135	465	4,6%
40-50	9.654	1,1-1,3	1,238	11.948	11.095	327	289	110	1.325	0	31	1.465	235	160	1.070	9,0%
50-60	9.655	1,3-1,6	1,469	14.180	12.838	505	475	556	1.533	0	49	2.139	328	196	1.615	11,4%
60-70	9.655	1,6-2	1,774	17.131	15.116	577	923	1.148	1.807	0	57	3.012	378	237	2.396	14,0%
70-80	9.655	2-2,4	2,180	21.051	18.985	650	724	2.149	2.271	0	64	4.484	356	291	3.837	18,2%
80-90	9.655	2,4-3,2	2,774	26.779	24.216	844	731	3.487	2.896	0	83	6.467	263	316	5.889	22,0%
90-95	4.827	3,2-4	3,568	17.222	15.501	676	433	2.606	1.852	68	67	4.594	76	149	4.369	25,4%
95-98	2.897	4,5-2	4,531	13.126	11.588	718	382	2.147	1.384	198	72	3.800	21	64	3.715	28,3%
98-100	1.930	5,2+	7,988	15.417	10.490	3.541	1.010	2.163	1.251	504	354	4.271	8	18	4.245	27,5%
Einhleypir samtals	96.548		1,691	163.287	144.402	8.375	5.656	12.428	17.247	770	801	31.247	2.287	1.762	27.198	16,7%

*Hér er reiknað með að stofn sérstaks tekjuskatts séu tekjur alls en ekki stofn almenns tekjuskatts eins og nú.

**Ýmsar skattfrjálsar greiðslur eru greiðslur frá alþjóðastofnunum, ýmsar skattfrjálsar greiðslur Tryggingastofnunar og aðrar skattfrjálsar greiðslur s.s. óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga, dreifbýlisstyrkur og aðrar skattfrjálsar greiðslur. Ívilnanir eru skattaafsiáttur vegna hlutabréfakaupa og ívilnir vegna 66. greinar laga 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Tekjur og tekjuskattar samskattaðra framteljenda
Breyttur stofn sérstaks tekjuskatts*

Alagning 2001 í milljónum króna				Tekjur				Tekjuskattar					Bætur		Skattar-bætur	
Hlutfal framteljenda á tekjubili %	Fjöldi fjölskyldna á tekjubili	Tekjubili	Meðaltekjur fjölskyldu	Tekjur alls	Stofn almenns tekjuskatts	Fjármagns- tekjuskattsstofn	Ívilnanir /skattfrjálsar greiðslur**	Almennur tekjuskattur	Útsvar	Sérstakur tekjuskattur	Fjármagnstekju skattur	Tekjuskattar samtals	Barnabætur	Vaxtabætur	Skattar að frádrögnum bótum	Skatthlutfall
0-5	2.887	0-1,7	1,348	3.891	3.570	159	81	-393	427	0	6	40	218	110	-287	-7,4%
5-10	2.886	1,7-2,1	1,892	5.462	4.985	269	123	-308	596	0	24	312	159	100	53	1,0%
10-20	5.773	2,1-2,7	2,378	13.728	12.387	726	314	-27	1.482	0	70	1.525	354	265	905	6,6%
20-30	5.773	2,7-3,3	3,003	17.335	15.713	706	380	810	1.879	0	70	2.759	384	329	2.045	11,8%
30-40	5.773	3,3-3,8	3,566	20.586	18.732	648	470	1.577	2.241	0	64	3.882	300	354	3.228	15,7%
40-50	5.772	3,8-4,3	4,083	23.568	21.519	737	442	2.288	2.575	0	73	4.936	205	345	4.387	18,6%
50-60	5.773	4,3-4,9	4,615	26.642	24.376	769	461	3.000	2.916	0	77	5.993	140	321	5.533	20,8%
60-70	5.773	4,9-5,6	5,215	30.105	27.489	954	474	3.805	3.289	0	95	7.189	102	293	6.794	22,6%
70-80	5.773	5,6-6,4	5,954	34.375	31.113	1.281	601	4.739	3.718	0	128	8.585	90	254	8.241	24,0%
80-90	5.773	6,4-8	7,107	41.026	36.443	2.114	784	6.155	4.352	168	211	10.887	78	199	10.609	25,9%
90-95	2.886	8-9,9	8,799	25.395	21.535	2.211	638	3.988	2.568	348	220	7.124	37	60	7.027	27,7%
95-98	1.732	9,9-13	11,138	19.291	15.247	2.800	517	3.026	1.815	461	280	5.581	21	13	5.547	28,8%
98-100	1.154	13+	21,027	24.265	12.011	11.074	697	2.538	1.427	968	1.107	6.039	11	1	6.027	24,8%
Samskattaðir samtals	57.728		4.949	285.668	245.120	24.450	5.983	31.199	29.284	1.945	2.425	64.853	2.100	2.644	60.109	21,0%

*Hér er reiknað með að stofn sérstaks tekjuskatts séu tekjur alls en ekki stofn almenns tekjuskatts eins og nú.

**Ýmsar skattfrjálsar greiðslur eru greiðslur frá alþjóðastofnunum, ýmsar skattfrjálsar greiðslur Tryggingastofnunar og aðrar skattfrjálsar greiðslur s.s. óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga, dreifbýlisstyrkur og aðrar skattfrjálsar greiðslur. Ívilnanir eru skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa og ívilnun vegna 66. greinar laga 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.